



Alþingi
Erindi nr. Þ 133/733
komudagur 19.1.2007

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Margrét María Grétarsdóttir
nefndarritari
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. janúar 2007
Tilvísun: HI06110045/004

Við er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 10. nóvember sl., þar sem Háskóla Íslands er sent til umsagnar frumvarp til laga um embætti landlæknis (273. mál).


Af hálfu Háskóla Íslands er þakkað fyrir þetta tækifæri til þess að koma á framfæri umsögn um ofangreint frumvarp. Rétt er að geta þess að Háskólanum voru kynnt drög frumvarpsins á liðnu sumri og skilaði skólinn inn umsögn um þau með bréfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis dags. 15. september 2006 (sjá hjálagt afrit).

Við umfjöllun um frumvarpið nú í heilbrigðisvísindadeildum HÍ hefur því einkum verið gengið út frá þeim sjónarmiðum sem skólinn setti fram í ofangreindu bréfi. Almennt er frumvarpið í góðu samræmi við þessi sjónarmið og gefur ekki tilefni til athugasemda. Eitt atriði sker sig þó úr þar sem sjónarmiða Háskólans hefur ekki verið gætt. Er hér átt við ákvæði 13. tölul. 24. gr. frumvarpsins þar sem segir að í stað 13. og 14. gr. laganna um lyfjafræðinga, nr. 35/1978 komi ný grein sem orðist svo: „Um eftirlit með lyfjafræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um embætti landlæknis. Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um lyfjafræðinga og um refsingar fyrir brot í starfi.“

Við umfjöllun um þetta ákvæði í frumvarpsdrögunum var bent á af hálfu Háskólans að þetta vekti upp spurningar um hvernig ný löggjöf afmarkaði faglegt umboð landlæknisembættisins gagnvart lyfjafræðingum. Tekið var fram að lyfjamálefni og löggjöf þeim tengd eru afar sérhæfð svið og var ekki talið ráðlegt að leggja úrskurð varðandi starfsleyfissviptingu lyfjafræðinga einvörðungu í hendur landlæknis. Var einnig á það bent að af þeim fagstéttum sem taldar eru upp í 24. gr. þá hafa lyfjafræðingar þá sérstöðu að Lyfjastofnun fylgist með störfum þeirra, en aðrar fagstéttir hafa engan faglegan eftirlitsaðila. Af þessum ástæðum kann einnig að vera réttara að Lyfjastofnun eigi sameiginlega með landlækni að ákvarða hvort veita eigi lyfjafræðingi starfsleyfi á ný.

Af hálfu Háskóla Íslands eru þessi sjónarmið áréttuð og þess farið á leit við háttvirta heilbrigðis- og trygginganefnd að umrætt ákvæði verði skoðað sérstaklega við umfjöllun um frumvarpið.

Virðingarfyllt
Háskóli Íslands



Kristín Ingólfssdóttir
rektor

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Ágúst Geir Ágústsson
Vegmúla 3
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. september 2006
Tilvísun: HI06060140/004

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 23. júní 2006, þar sem umsagnar Háskóla Íslands er leitað varðandi drög að frumvarpi til laga um embætti landlæknis.

Af hálfu Háskólans er þakkað kærlega fyrir þetta tækifæri til þess að veita umsögn um málefnið á undirbúningsstigi. Efnisatriði umsagnarinnar hafa verið rædd innan skólans, einkum á vettvangi heilbrigðisvísindadeildanna, þ.e. læknadeildar, hjúkrunarfræðideildar, lyfjafræðideildar og tannlæknadeildar. Til viðbótar má benda á við skólann starfar bráðabirgðanámsstjórn um lýðheilsufræði, en það fræðasvið hefur nán tengsl við það hlutverk sem frumvarpsdrögin skilgreina að landlæknisembættið skuli hafa með höndum.

Almennar athugasemdir við frumvarpsdrögin:

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpsdrögin er gert ráð fyrir að meginhlutverk landlæknis verði áfram ráðgjöf, eftirlit, upplýsingasöfnun og skýrslugerð. Í frumvarpsdrögunum er þessum þáttum hins vegar gerð ítarlegri skil en skv. gildandi lögum og er það vel. Samkvæmt drögunum er t.d. reiknað með að heimildir landlæknis verði styrktar til að safna hvers kyns upplýsingum um heilbrigðismál í þeim tilgangi að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, meta árangur þjónustunnar og gera áætlanir um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu. Söfnun upplýsinga er jafnframt forsenda eða tæki í höndum landlæknis við framkvæmd eftirlits með heilbrigðisþjónustu og ráðgjafarstörf. Þá er upplýsingasöfnun landlæknis og úrvinnsla mikilvæg forsenda fyrir stefnumótun og áætlanagerð heilbrigðisráðuneytisins.

Í frumvarpsdrögunum og framangreindum athugasemdum kemur fram að ætlunin er að nota heilbrigðisskrár, sjúkdómaskrár og skrár um dánarmein við upplýsingasöfnun og úrvinnslu. Til þess að nýta sér slíkar skrár við að svara til hlítar þeim spurningum er hæst ber í þjóðfélaginu á hverjum tíma þarf venjulega að efna til sjálfstæðra rannsókna, sem einungis eru á færi þeirra sem hlotið hafa gagnvera vísindalega þjálfun. Leiðtogi slíks rannsóknastarfs hlýtur að vera landlæknir sjálfur, þótt framkvæmd sé falin öðru starfsfólki eða samstarfsaðilum. Skýring og túlkun niðurstaðna rannsókna og annarra upplýsinga um heilbrigðismál er ekki síður vandasamt verkefni og sá sem veitir yfirvöldum ráðgjöf á grundvelli slíkra gagna þarf að búa yfir viðtækri reynslu af fræðastarfi og vera handgenginn vísindalegri aðferðafræði.

Til þess að treysta hlutverk og stöðu landlæknis hvað þessi atriði varðar, er lagt til að í frumvarpsdrögin verði tekin ákvæði um eftirfarandi:

1. Að landlæknir hafi til þess skýra heimild að framkvæma sjálfstæðar rannsóknir á heilbrigðisþjónustu og í lýðheilsumálum.
2. Að umsækjendur um stöðu landlæknis hafi sterkan fræðilegan eða vísindalegan bakgrunn, teljist til dæmis hæfir til að gegna starfi háskólakennara í einhverri sérgrein læknisfræðinnar eða lýðheilsufræði.
3. Að á skrifstofu landlæknis starfi kjarni vísindalega þjálfaðs starfsfólks, sem getur séð um framkvæmd ýmissa heilbrigðisrannsókna, oftast á faraldsfræðilegum grunni.
4. Að landlæknir hafi til þess skýra heimild að efna til formlegs samstarfs við heilbrigðisvísindadeildir háskóla, sem m.a. taki til rannsóknasamstarfs og námsdvalar stúdenta í rannsóknatengdu námi.
5. Að skýr mörk séu milli verkefna landlæknisembættisins og Lýðheilsustofnunar. Vafalítið mundi styrkja báðar stofnanirnar að sameina krafta sína til að kanna og hafa eftirlit með heilbrigðisástandi þjóðarinnar og gera sérstakar rannsóknir á því.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsdraganna:

2. gr.: Kveðið verði skýrt á um akademískt hæfi umsækjenda um starf landlæknis. Ennfremur að tryggt verði að embætti landlæknis hafi yfir að ráða starfsmönnum sem hafi hlotið þjálfun og menntun til vísindalegra starfa.

3. gr.: Tannlækningar eru ekki nefndar í skilgreiningu á heilbrigðisþjónustu. Á þetta er sérstaklega bent vegna þess að óskýrt hefur verið hvort verkstofur tannlæknadeildar HÍ hafi stöðu heilbrigðisstofnunar. Í skilgreiningu á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna kemur fram að starfsleyfi vegna þess háttar rekstrar er í höndum heilbrigðiseftirlits. Því er eðlilegt að þeir aðilar hafi samráð um málið við landlækni.

4. gr.: Við hlutverksgreinina bætist að landlækni sé heimilt að gera sjálfstæðar rannsóknir á einstökum þáttum heilbrigðismála til að styðja við ráðgjafarhlutverkið eins og það er skilgreint.

9. gr.: Eðlilegt virðist að tilvik skv. greininni taki einnig til þess ef heilbrigðisstarfsmaður veldur öðrum starfsmanni tjóni (þ.e. ekki einvörðungu þau tilvik þar sem sjúklingur á í hlut)

11. gr.: Mikilvægt er, og í samræmi við stefnumörkun um árangursstjórnun í ríkisrekstri og öðrum rekstri sem ríkið fjármagnar að verulegu leyti, að setja fóst viðmið um gæðapróun innan heilbrigðisþjónustunnar. Eðlilegt er að fela embætti landlæknis að gera áætlun þar að lútandi sem jafnframt tæki þá til fyrirfram ákveðins tímabils (t.d. 3ja eða 5 ára). Í því sambandi þyrfti einnig að huga að sambandinu milli áætlunar landlæknis um gæðapróun og þeirrar almennu heilbrigðisáætlunar sem ráðherra hefur frumkvæði að og Alþingi staðfestir.

24. gr.: Í 13. tölul. greinarinnar er kveðið á um að 13. og 14. grein laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978, með síðari breytingum falli niður en þar er m.a. kveðið á um að landlæknir og Lyfjastofnun geti lagt til við ráðherra að lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur verði sviptur starfsleyfi. Tillaga að þessari breytingu vekur upp spurningar um hvernig eigi að afmarka faglegt umboð landlæknisembættisins. Lyfjamálefni og löggjöf þeim tengd eru afar

sérhæfð svið og ekki er ráðlegt að leggja úrskurð varðandi starfsleyfissviptingu lyfjafræðinga einvörðungu í hendur landlæknis. Rétt er að benda á, að af þeim fagstéttum sem taldar eru upp í 24. gr. þá hafa lyfjafræðingar þá sérstöðu að Lyfjastofnun fylgist með störfum þeirra, en aðrar fagstéttir hafa engan faglegan eftirlitsaðila. Af þessum ástæðum kann einnig að vera réttara að Lyfjastofnun eigi sameiginlega með landlækni að ákvarða hvort veita eigi lyfjafræðingi starfsleyfi á ný.

Að lokum ítrekum við þakkir okkar fyrir að fá að veita umsögn um þetta mikilvæga mál á undirbúningsstigi.

Virðingarfyllt
f.h. Háskóla Íslands

Jón Atli Benediktsson
þróunarstjóri og aðstoðarmaður rektors